

Íbúasamtök 3. hverfis, Holta, Hlíða og Norðurmýri.

Ályktun um tilhögun á umferðar/gönguljósum við Blönduhlíð/Lönguhlíð.

Fyrirliggur að Reykjavíkurborg (RVK) mun þurfa uppfæra n.v ljósabúnað við gönguljós yfir Lönguhlíð, við Eskitorg, á næstunni.

Leitað hefur verið eftir álitni Íbúasamtaka 3. hverfis um málið og óskað eftir umsögn um málið

Valkostur #1 er þá í stuttu máli að hafa gönguljósinn á sama stað og uppfærsla einföld og framkvæmd mun valda lágmarks raski. Hinsvegar mun sú staða halda áfram að koma fyrir að umferð kann að hlaðast upp þegar bílar koma úr Eskitorgi og stöðva við gönguljósinn þar sem þau eru nú staðsett.

Valkostur #2 er að taka niður gönguljósinn í n.v mynd og setja fjármagn í aðrar hraðamyndandi aðgerðir eins og fleiri gangbrautir með upphækkun. Rask við framkvæmdir gæti orði nokkuð.

Valkostur #3 er svo sá að færa gönguljósinn norðar á Lönguhlíð, þá nær Blönduhlíð þar sem þverun næði þá yfir hjólastíg og umferðargötu við Lönguhlíð. Væri þá verið að auka öryggi gangandi vegfarenda þar sem þeir ættu síður vona á umferð frá Eskitorgi sem ekki sæju n.v ljós og eins væri verið að koma í veg fyrir mögulega bílaröð frá Hamrahlíð og út úr Eskitorgi áleiðis inn í Lönguhlíð.

Við val á valkosti #3 má búast við e-u raski á framkvæmdatíma.

Íbúasamtök 3. hverfis leggur til að valkostur #3 verði valinn og rök fyrir því vali eru þá að með því er einnig verið að draga úr umferðarhraða á Lönguhlíð því n.v gönguljós myndu færast um 15-20 metra norðar en þau standa nú og myndu því bílar sem myndu nema staðar við gönguljósinn eftir færslu, síðar ná miklum ökuhraða fram að því að komið væri á umferðarljós við Lönguhlíð/Miklubraut.

Eins væri með valkosti #3 komið í veg fyrir bílaröð sem kann að myndast við Eskitorg, þegar n.v gönguljós við Lönguhlíð eru í notkun á álagstímum.

Eins mátti sjá þegar hugmyndir voru kynntar í íbúahópum á samfélagsmiðlum í Hlíðahverfinu, að leið #3 fékk nokkuð áberandi fylgi, samhliða því að leið #2 kom það á eftir.

Því er það niðurstaða stjórnar Íbúasamtaka 3.hverfis að leið #3 verði valin.

F.h stjórnar Íbúasamtaka 3.hverfis.

Sigfús Ómar Höskuldsson.

